

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Eiðsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ísak Örn Guðmundsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að áætlað er að útsetning verði á Höfðahúsabót haustið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig.

Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram og er unnið að úrbótum samkvæmt samþykktri áætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Fáskrúðsfirði.

Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 19. mars 2035. Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 11.000 tonnum af frjóum laxi. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 11.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö frávik komu fram í síðasta eftirliti og er unnið að úrbótum skv. samþykktri áætlun. Tvær ábendingar voru settar fram. Önnur ábendingin er þess efnis að vöktunaráætlun samþykkt af Umhverfisstofnun skuli vera til staðar. Rekstraraðili hefur skilað vöktunaráætlun til Umhverfis- og orkustofnunar og er hún í vinnslu þar. Ekki er tilefni til eftirfylgni varðandi hina ábendinguna.

Í nóvember 2024 var settur út fiskur á Einstiga. Í júní 2025 var sá fiskur fluttur yfir á Fögrueyri og er því stöðin á Einstiga ekki í notkun. Ekki er gerð krafa um hvíldarsýnatöku á Einstiga áður en næsta útsetning verður en minnt er á að tilkynna þarf eftirlitsaðila um útsetningu með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi) og ársyfirliti vegna ársins 2024 var skilað þann 30. apríl 2025 og eru ekki gerðar athugasemdir við skilin.

Samkvæmt útreikningum var losun fosfórs frá rekstrinum rúmlega 7 kg/framleitt tonn sem er innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi.

Ekki var tilefni til að gera vöktunarmælingar frá síðasta eftirliti, hvorki mælingar við hámarkslífmassa né að lokinni hvíld.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti og þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

Í eftirlitinu var rætt um að áætlað er að útsetning fari fram á Höfðahúsabót haustið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang. Siglt var að kvíum á tveimur svæðum, þ.e. Fögrueyri og Höfðahúsabót og þrættar skoðaðir. Engar athugasemdir eru gerðar. Staðfest er að enginn búnaður er á stöðinni Einstiga.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að áætlað er að útsetning verði á Höfðahúsabót haustið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.10.2025


Freyr Ávarsson